



Ytra mat

Leikskólinn Kerhólsskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2759-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsfólk	9
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	11
Stjórnskipulag og skipurit.	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsfólk	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	19
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Samantekt matsþátta.	24
Samantekt.	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Kerhólsskóli er samrekin leik- og grunnskóli og er starfræktur í einu húsi. Ein leikskóladeild er í skólanum þar sem dveljast 15 börn. Húsnæðið sem leikskóladeildin hefur yfir að ráða er rúmgott og samnýting á húsnæði grunnskóladeildar gefur mikla möguleika. Útileiksvæði er frekar lítið en að stórum hluta hefur náttúrulegt landslag fengið að halda sér, sem býður upp á mikla möguleika til frjálsra leikja. Á útileiksvæðinu mættu vera fleiri ögrandi leiktæki. Umhverfi leikskólans býður upp á mikil tækifæri til leikja og náms.

Yngstu börn leikskólans sofa úti í vögnum en huga þarf að skjólgóðri og öruggri aðstöðu fyrir vagnana.

Skólinn hefur sett sér einkunnarorðin gleði, jákvæðni og virðing sem eru sýnileg í skólanum og starfsfólk og foreldrar þekkja.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Skólastjóri Kerhólsskóla hefur starfað við skólann síðastliðin sex ár. Verkaskipting stjórnenda er skýr, skólastjóri sinnir frekar leikskóladeildinni og aðstoðarskólastjóri grunnskóladeildinni. Stjórnendateymi, sem í sitja skólastjóri, deildarstjóri og sérkennslustjóri, er starfandi við leikskóladeildina og fundar það eftir þörfum. Skólanámskrá er nýlega endurskoðuð og gildir til 2025. Við endurskoðun á skólanámskrá og við gerð starfsáætlunar þarf að tryggja aðkomu allra í leikskólasamfélaginu.

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar öllu starfsfólki. Deildarfundur er vikulega og situr skólastjóri þann fund, fundargerðir ritaðar og settar á sameign á rafrænu drifi skólans. Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu skólans og handbók starfsfólks er til. Skólinn hefur gert símenntunaráætlun og eins skráir starfsfólk aðra símenntun á þar til gerð eyðublöð og kemur til skólastjóra í lok skólaárs. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipta með sér starfsþróunarsamtölum, starfsfólk mætir undirbúið út frá ákveðnum spurningum og skráir sjálf hjá sér niðurstöður. Undirbúningstímar falla sjaldan niður og fær allt starfsfólk undirbúningstíma. Starfsandi og skólabragur er góður og í skólanum ríkir metnaður og traust.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð, þeim virðist líða vel. Umhyggja og uppbygging einkenna samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar. Leikstofurnar eru stórar og bjóða upp á að skipta börnunum í minni hópa með skilrúmunum og teppum. Gætt er jafnvægis á milli borð- og gólfleikja. Áherslur leikskólans í uppeldis- og menntastarfi eru *flæði*, *Lubbi finnur málbein* og *Vináttuverkefnið Blær*. Dagskipulagið einkennist af frjálsum leik út frá flæði, samverustund, hvíld, matartíma og skipulögðum stundum með grunnskólanum. Deildarstjóri og sérkennslustjóri skipuleggja störf starfsfólks. Í skólanámskrá er fjallað um með hvaða hætti er unnið að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og hvernig þeir birtast í leikskólastarfinu. Mikið er lagt upp úr lýðræðislegri þátttöku barnanna. Unnið er skipulega að mati á námi og framförum þeirra með viðurkenndum matslistum og listum sem starfsfólk hefur tekið saman. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi er að nýta rými sem áætlað er til listsköpunar betur, einnig að huga að því hvort bjóða ætti elstu börnunum upp á fleiri krefjandi verkefni.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af hlýju og virðingu. Þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum, þau séu hvött til sjálfshjálpar og þeim er hrósað. Til er foreldrahandbók sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu barnsins. Foreldrafélag er sameiginlegt með grunnskólanum. Það er virkt og stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir árið. Foreldraráð er einnig sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann og kallast skólaráð. Á heimasíðu Kerhólsskóla eru upplýsingar um hlutverk og skipan skólaráðs. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu Kerhólsskóla.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann og hefur umsjón með börnum með sérþarfir. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari að mestu fram í daglegu starfi og leik. Allt starfsfólk er upplýst á deildarfundum um þroskafrávik barna. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með börn með sérþarfir inni á deild og í daglegu starfi deildarinnar. Námsumhverfið býður upp á aðstæður til þjálfunar og auðvelt er að nálgast kennslugögn. Einstaklingsnámskrár eru ekki gerðar né haldnir teymisfundir nema í einstaka tilfellum. Gott aðgengi er að sérfræðingum og ráðgjöf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Til eru verkferlar um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Notast er við túlkþjónustu í samskiptum við foreldra þegar þörf krefur.

Innra mat

Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá. Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og samræðumat fer fram á deildarfundum. Skólastjóri ber ábyrgð á innra matinu ásamt aðstoðarskólastjóra. Matsteymi er sameiginlegt með grunnskólanum. Brýnt er að meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Vinna þarf árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári. Á vorin er gerð innra matskýrsla og er hún kynnt skólaráði, starfsfólki og foreldrum að hausti. Til er matsáætlun til ársins 2026.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Kerhólsskóli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 12.–13. september 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi². Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 16. ágúst á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á leikskóladeildinni. Tekin voru rýniviðtöl við deildarstjóra, sérkennslustjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra og sveitarstjóra. Allt starfsfólk leikskólans voru þátttakendur í rýnihópum. Stuðst var við niðurstöður starfsmannakönnunar/foreldrakönnunar Skólapúlsins³ sem lögð var fyrir í mars 2022.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólustjóra og sveitarstjóra til yfirlestrar.

2 Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerð um innra mat, umbótaáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta og barnamálaráðuneytis.

3 Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

4 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn í Kerhólsskóla er eins deildar leikskóli með rými fyrir 35 börn. Skólinn er staðsettur í Borg í Grímsnesi og er samrekinn leik- og grunnskóli. Opnunartími leikskólans er virka daga frá kl. 7:45 til 16:15. Kerhólsskóli varð til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og grunnskólans Ljósaborgar í byrjun árs 2011. Leikskóli hefur verið starfræktur í sveitarfélaginu frá árinu 1987 og staðsettur á Borg frá árinu 1989. Í dag eru í leikskólanum 15 börn á aldrinum eins til sex ára, níu stúlkur og sex drengir, fædd á árunum 2017–2021. Sérkennsla er veitt þeim börnum sem þurfa og hluti barna er með annað móðurmál en íslensku.

Húsnæði og útileiksvæði

Haustið 2014 var byggt við eldri skólabyggingu Kerhólsskóla og þá voru leikskóla- og grunnskóladeildin sameinuð í eitt húsnæði. Leikskóladeildin er staðsett á neðri hæð byggingarinnar. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru með skrifstofu á efri hæð í grunnskóladeildinni en deildarstjóri leikskóladeildar er með skrifstofu á leikskóladeildinni. Innangengt er á milli leikskóla- og grunnskóladeildar. Leikskóladeildin hefur yfir að ráða rúmgóðum fataklefa með góðum fatahólfum fyrir 44 börn. Þar er annars vegar inngangur frá bílastæði og hins vegar frá útivistarsvæði barnanna. Einnig er stór aðalstofa þar sem börnin matast og tvær rúmgóðar leikstofur. Hreinlætisaðstaða fyrir börnin og listarými. Þá hefur leikskóladeildin aðgang að ærslaherbergi sem er samnýtt af grunnskóladeildinni, bókasafni, íþróttahúsi og sundlaug sveitarfélagsins. Undirbúningsaðstaða og kaffistofa er sameiginleg með grunnskóladeildinni en er almennt ekki nýtt af starfsfólki leikskólans sem hefur útbúið sér aðstöðu í listarými barnanna. Góð fundaraðstaða er samnýtt af leik- og grunnskóladeild. Félagsheimili sveitarfélagsins er samtengt skólanum og er þar starfrækt mótuneyti sem eldar fyrir bæði skólastigin.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði leikskóladeildar er frekar lítið og afgirt en býður upp á fjölbreytta möguleika til margskonar hreyfileikja. Ekki er mikið af leiktækjum á lóðinni en kastali með rennibraut er í miðju lóðar og lítill sandkassi með báti og kofa. Stór hluti útileiksvæðissins er náttúrulegur, móar með hólum og töluvert af trjágróðri. Þar hafa börnin byggt skógarkofa, útbúið hengirúm í trén og gert útihljóðfæri úr allskonar málmílátum. Rólur eru á útileiksvæði grunnskóladeildar, sem er ekki afgirt en leikskólabörnin fá að nýta þær þegar færi gefst. Umhverfi leikskólans er mikið nýtt til útiveru en vettvangsferðir er stór þáttur í leikskólastarfinu. Geymsluskúr fyrir útileikföng er lítill og þröngur og fram kom í rýnivíðtölum við skólastjóra, kennara og starfsfólk að skúrinn væri of lítill, óupphitaður, óhentugur og erfitt væri að athafna sig þar. Yngstu börnin sofa úti í vögnum og kom fram í viðtölum við starfsfólk að ekki hefði verið gert ráð fyrir að börn svæfu úti en það telur brýnt að útbúa skjólgóða og örugga aðstöðu fyrir börnin til að sofa úti. Einnig kom fram að bæta þurfi útileiksvæðið og auka fjölbreytni í útileiktækjum án þess að skerða þá ósnortnu náttúru sem þar er að finna.

Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er samtals átta í 5,50 stöðugildum, eingöngu konur. Fjórir stjórnendur eru í Kerhólsskóla: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri og sérkennslustjóri. Skólastjóri í 100% stöðugildi er með B.Ed í leikskólakennarafræðum og M.Ed. í stjórnun menntastofnana. Aðstoðarskólastjóri í 100% stöðugildi er með B.S. í íþróttufræði, B.Ed. í grunnskólakennarafræðum og M.Ed. í stjórnun menntastofnana. Deildarstjóri leikskóladeildar í 100% stöðu, er með B.S. í sálfræði og M.Ed. í leikskólakennarafræðum. Sérkennslustjóri í 75% stöðugildi er með B.A. í félagsráðgjöf og M.Ed. í leikskólakennarafræðum. Þá er starfandi á leikskóladeildinni kennari í 100% stöðu með M.E.d. í leikskólakennarafræðum og kennari í 100% stöðu með M.Ed. í framhaldsskólakennarafræðum. Annað starfsfólk eru tveir leiðbeinendur, annar í 100% stöðu og hinn í 54% stöðu báðir með grunnskólamenntun.

Leikskólinn uppfyllir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Í leikskólanum er unnið með flæði út frá kenningum hins ungerska Mihaly Csikszentmihalyi og er námsumhverfi og viðfangsefni barnanna skipulagt út frá þeirri hugmyndafræði. Einnig er tekið mið af aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Þá segir í skólanámskrá að horft sé til kenninga John Dewey, Vygotsky, Piaget og Caroline Pratt. Leikskólinn er heilsueflandi leikskóli í samræmi við stefnu sveitarfélagsins sem leggur í sinni skólastefnu áherslu á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og listsköpun. Kerhólsskóli tekur þátt verkefninu „Skóli á grænni grein“, hefur sett sér umhverfissáttmála og fengið grænfánann fimm sinnum. Kennarar og starfsfólk sögðu í viðtali að áhersla í leikskólanum væri flæði, snemmtæk íhlutun og að mæta þörfum barnanna. Einkunnarorð leikskólans eru Gleði, jákvæðni, virðing og voru þau sýnileg í leikskólanum. Í viðtölum við starfsfólk og foreldra kom fram að þau þekktu einkunnarorðin og voru sátt við stefnu leikskólans og töldu að unnið væri í samræmi við stefnu og einkunnarorð.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð sem starfsfólk þekkir sem og foreldrar.
- Leikskólinn starfar samkvæmt skólastefnu og áherslum sveitarfélagsins.
- Leikskólinn er skóli á grænni grein og hefur sett sér umhverfissáttmála.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg og öllum kunn.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátt við og þekkja stefnu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf aðstöðu fyrir börn sem sofa úti í vögnum.
- Bæta ætti geymslu fyrir útileikföng og hafa upphitaða.
- Hafa fjölbreyttari og meira krefjandi leiktæki á útileiksvæði leikskóladeildar.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Kerhólsskóla er Grímsnes- og Grafningshreppur. Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps fer, í umboði sveitarstjórnar, með málefni leik- og grunnskóla. Skólanefnd er skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn og þremur til vara. Sveitarstjórn skipar formann skólanefndar. Sveitarstjóri sem er næsti yfirmaður skólastjóra, hefur rétt til fundarsetu í skólanefnd með málfrelsi og tillögurétt.⁵ Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri leikskóladeildar sitja fundi skólanefndar. Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu Kerhólsskóla. Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu sálfræðings, talmeinafræðings, hegðunarráðgjafa og kennsluráðgjafa frá Skólaþjónustu Árnesþings. Skólastjórar í Árnesþingi hittast reglulega á samráðsfundum undir stjórn teymisstjóra og kennsluráðgjafa skólaþjónustu Árnesþings. Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins og hefur sett sér eftirtaldir áætlanir sem aðgengilegar eru á heimasíðu Kerhólsskóla: Áfallaáætlun, brunavarnar- og rýmingaráætlun, jafnréttisáætlun, móttökuáætlun fyrir nýbúa, áætlun vegna slysa, óveðursáætlun, símenntunaráætlun, viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi og viðbragðsáætlun við jarðskjálftum. Í viðtali við sveitarstjóra kom fram að samskipti við skólastjóra séu mjög góð, hann passi ágætlega upp á fjármálin og fari eftir þeim ramma sem settur er.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Kerhólsskóla 2020–2025 kom fyrst út árið 2019 og er endurskoðuð reglulega. Skólanámskráin er sameiginleg fyrir leik- og grunnskóla. Í skólanámskrá kemur fram að starfsfólk, foreldrar og börn grunnskólans hafi komið að gerð hennar með einum eða öðrum hætti. Í viðtali við skólastjóra kom fram að starfsfólki hafi verið gefinn kostur á að lesa yfir skólanámskrána og koma með athugasemd en foreldrar og börn hafi ekki komið að gerð hennar. Í rýnihópi foreldra könnuðust þeir ekki við að hafa tekið þátt í gerð hennar. Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna birtist í starfinu. Í skólanámskrá vantar að gerð sé grein fyrir hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birtar upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs og birt viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu Kerhólsskóla.

Til er einblöðungur á leikskóladeild, þar er eingöngu gerð grein fyrir hvernig dagleg verkefni tengjast grunnþáttum menntunar. Starfsfólk nefnir þetta námskrá en samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er ekki um eiginlega námskrá að ræða. Þetta skjal er aðgengileg á heimasíðu Kerhólsskóla bæði á íslensku og ensku. Skóladagatal fyrir skólaárið 2022–2023 er til staðar og aðgengilegt á heimasíðu Kerhólsskóla. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er aðgengileg á heimasíðu skólans og uppfyllir áherslur aðalnámskrár leikskóla. Í rýnivíðtali við kennara og starfsfólk kom fram að þeir hafi tekið þátt í gerð starfsáætlunar með því að lesa yfir og koma með athugasemdir. Viðtöl voru tekin við börnin til að skynja hvernig þeim líkar starfið. Að sögn kennara og starfsfólks hafi foreldrum verið boðið á fund til að ræða starfsáætlun en þeir ekki mætt.

Stjórnun og starfsfólk

Skólastjóri hefur starfað við Kerhólsskóla síðan 2016. Stjórnendateymi leikskóladeildar Kerhólsskóla er myndað af skólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Stjórnendateymi fundar eftir þörfum. Verkskipting á milli stjórnenda er skýr að mati kennara og starfsfólks. Skólastjóri sér að miklu leyti um leikskóladeildina og aðstoðarskólastjóri grunnskóladeildina. Deildarstjóri og sérkennslustjóri skipuleggja og samhæfa störf starfsfólks á leikskóladeildinni. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir skólaárið. Skipulagsdagar eru fimm á ári auk eins dags fyrir *Haustþing félags leikskólakennara og stjórnenda leikskóla*, sem haldið er fyrir alla leikskóla Suðurlands. Starfsmannafundur er einn sameiginlegur á þessu skólaári, í ágúst. Þar er farið yfir reglur og starfsemi komandi skólaárs. Deildarfundir eru á hverjum fimmtudegi, 30-45 mínútur í senn, þar er skipst á skoðunum, starf deildarinnar rætt og útfært. Fundargerðir eru ritaðar og birtar á rafrænni kennarasameign skólans. Starfsfólk grunnskóladeildar leysa

⁵ Heimasíða Grímsnes- og Grafningshrepps.

af meðan leikskóladeildin fundar. Að sögn skólustjóra situr hann annars vegar fundi leikskóladeildar og hins vegar kennarafundi grunnskóladeildar og er tengiliður milli skólustiga. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að undirbúningstímar falli sjaldan niður en ef það gerist er það vegna mannekleu og eru þá greiddir í yfirvinnu. Starfsfólk sem ekki á samningsbundinn undirbúningstíma fær tvo tíma á viku miðað við 100% starfshlutfall.

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá. Kennarar á leikskóladeild sjá um að leiðbeina nýju starfsfólki samkvæmt móttökuáætlun. Handbók fyrir starfsfólk er til en leiðbeiningar koma fram í starfsáætlun. Skólustjóri og aðstoðarskólustjóri skiptast á að vera með þrjú stutt starfsþróunarsamtöl á ári, að hausti, í janúar og að vori. Starfsfólk fær spurningar fyrir viðtalið til undirbúnings og skráir hjá sér niðurstöður. Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2022-2023 liggur fyrir en þar að auki fær allt starfsfólk símenntunarblað að hausti þar sem viðkomandi setur niður þá fræðslu sem hann sækir sér umfram símenntunaráætlun skólans og skilar til skólustjóra undir lok skólaárs. Í rýniviðtali sögðu kennarar og starfsfólk að það sé hvatt til að sækja sér símenntun og fari í starfsþróunarsamtöl þrisvar sinnum á ári.

Fagleg forysta

Í viðtali við skólustjóra kemur fram að hann telur sig vera ákveðinn en sanngjarnan stjórnanda sem setur börnin í fyrsta sæti og gerir kröfur á að starfsfólk vinni þannig. Samskipti við starfsfólk séu alla jafna opin, góð og vinnubrögð lýðræðisleg. Hann segist fara mikið inn á leikskóladeild bæði til að opna á morgnana en einnig til að fylgast með starfinu og veita endurgjöf. Skólustjóri segir að sér líði vel í vinnunni og sé sérstaklega ánægður með leikskóladeildina. Hann telur hæfni sína nýtast vel í starfinu og upplifir hrós, traust og gott viðmót í sinn garð. Í rýniviðtölum við kennara, starfsfólk og foreldra kom fram að skólustjóri sé sýnilegur, mjög góð samskipti séu við hann og aðgengi sé gott. Börnin þekktu nafn skólustjóra og sögðu í rýniviðtali að hann sé með myndavélar og sjái þegar þau stinga af, þá komi hann á bílnum, sæki þau og tali við þau.

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsfólk voru sammála um að í skólanum ríki góður skólabragur, virðing og traust. Skólinn hafi yfir að ráða faglega sterkum kennurum, hópurrinn samhentur og metnaður og þrautseigja ríkir. Vel er búið að skólanum af hendi sveitarfélagsins og þar er lærdómssamfélag. Tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða og starfsfólk fær að hafa frumkvæði og er óhrætt við að tjá sig. Foreldrar upplifa að í leikskólanum ríki góður starfsandi, afslappað andrúmsloft og metnaðarfullt starfsfólk. Foreldrar telja að samþætting leik- og grunnskóla sé styrkleiki. Í rýniviðtölum við kennara og starfsfólk kom fram og á vettvangi sáu matsaðilar, að starfsfólk leikskóladeildar nýtti ekki sameiginlega kaffistofu og vinnuáðstöðu skólans. Þá kom fram að starfsmannavelta sé lítil og meiri stöðugleiki eftir að farið var að vinna með flæði. Í Kerhólsskóla er starfandi starfsmannafélag sem stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum til að efla og viðhalda góðum starfsanda. Settar eru inn hugmyndir að viðburðum á Facebooksíðu starfsfólks sem síðan greiðir atkvæði um hugmyndirnar. Dæmi um það sem hópurrinn gerir saman er leikhúsferðir, rútúferðir og fyrirhuguð er námsferð til Ítalíu næsta vor.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla.
- Skólustjóri fundar reglulega með fræðslunefnd og er í góðu samstarfi við sveitarstjóra sveitarfélagsins.
- Starfsþróunarsamtöl eru þrjú á ári, starfsfólk fær spurningar til undirbúnings og heldur utan um skráningar á þeim.

- Símenntunaráætlun er til.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu skólans.
- Fyrir liggur námskrá, þar sem eingöngu er gerð grein fyrir hvernig dagleg verkefni tengjast grunnþáttum menntunar, fyrir leikskóladeildina bæði á íslensku og ensku sem er aðgengileg á heimasíðu.
- Undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Deildarfundir eru vikulega, skólastjóri situr þá og er tengiliður milli leikskóla- og grunnskóla-deildar.
- Skólastjóri er sýnilegur og gott aðgengi er að honum.
- Starfsfólk er ánægt með skólabraginn sem einkennist af virðingu og trausti.
- Starfsmannafélag er starfandi.
- Starfsmannavelta er lítil.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Í skólanámskrá skal koma fram hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfssins og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig vinna á að Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Einblöðungur þar sem fram kemur hvernig dagleg verkefni tengjast grunnþáttum menntunar ætti að vera hluti af skólanámskrá Kerhólsskóla og í handbók starfsfólks.
- Vinna að því að sameina starfsfólk leik- og grunnskóla og efla liðsheild.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Heimastofu er skipt niður með skilrúmum og eru lág borð og stólar þar á tveimur svæðum og stórt borð og stólar á því þriðja. Borðað er í heimastofu og þar hefur jafnframt verið útbúið svæði fyrir listsköpun. Tvær stórar stofur eru inn af heimastofu og er önnur þeirra notuð fyrir hlutverkaleik. Þar er fjölbreyttur efniviður fyrir leikinn, skápur sem búið er að taka hurðar af og setja litrík þunn tjöld í staðinn en þar eru púðar, teppi og bækur. Borð með tjaldi yfir sem myndar hús sem hægt er að fara inn í, sófi, lág borð og stólar, hillueininga og skúffuskápur. Á vettvangi sáu matsaðilar að lítið var lagt upp úr góðri umgengni og frágangi á leikföngum. Auk þess að ekki var aðgengilegt eða sýnilegt hvaða leikföng eru í boði. Innri stofan er notuð til fjölbreyttra gólfleikja. Þrjú hægindastólar eru í stofunni, einn fyrir fullorðinn og tveir fyrir börn. Sáu matsaðilar að börnin sátu þarna og skoðuðu bækur og báðu starfsfólk jafnframt að lesa fyrir sig. Í öllum rýmum eru notaðar teppamottur, skúffuskápar og hillur til að afmarka svæði. Þar að auki er ærslaherbergi með dýnum, svampúðum, rimlum til að klifra í og litlum klifurvegg. Stórt rými sem ætlað er til listsköpunar, er ekki notað fyrir börnin heldur notar starfsfólk það til að vinna undirbúningsvinnu og sem kaffiaðstöðu. Leikskólinn getur einnig nýtt sér húsnæði grunnskólans. Hreinlætisaðstaða er inni á deildinni.

Leikskólinn er vel búinn leik- og námsgögnum og er hlutverkaleiknum gert hátt undir höfði þar sem honum er ætlað mikið rými. Sýnilegir eru ýmiss konar kubbar, einingakubbar, dýr og bílar. Aðgengi barnanna að leikfni er gott að hluta, skúffuskápar og hillurekkar með körfum eru í hæð þeirra. Á gangi fyrir innan heimastofu eru körfur með leikföngum sem börnin geta náð í að vild. Púsl, efniviður til fínhyfingar, blöð og litir er aðgengilegt börnunum. Ritmál er sýnilegt í umhverfinu, spjöld með myndum og orðum eru víða og einnig er stafrófið sýnilegt og tölustafir. Fáar bækur eru inni á deild og ekki sýnilegar. Vináttuverkefnið Blær er sýnilegt og eru bangsarnir aðgengilegir börnunum. Í innistofum eru speglar fyrir börnin niður við gólf. Jafnframt eru þrautabretti fyrir yngstu börnin sýnileg. Deildarstjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á gerð dagskipulags í samvinnu við íþróttahús og bókasafn. Dagskipulagið var sýnilegt og skiptist í flæði/frjálsan leik, samverustund, hvíld, matartíma og skipulagðar stundir í samvinnu við grunnskólann. Skipulagið er endurskoðað eftir þörfum. Útísvæðið er lítið og eru leiktæki frekar ætluð yngri börnum en fjölbreytt náttúrulegt svæði sem ýtir undir hreyfingu og sköpun er í jaðri þess.

Starfshættir

Aðeins ein leikskóladeild er í Kerhólsskóla þar sem börnin eru á aldrinum eins til sex ára. Ákveðið starfsfólk sinnir yngstu börnunum. Á vettvangi sáu matsaðilar að fólk af erlendu bergi stýrði sögustund með yngstu börnunum.

Unnið er eftir hugmyndafræði um flæði. Í skólanámskrá segir meðal annars um flæðið að það gerist þegar einstaklingur er svo niðursokkinn í athöfn að ekkert annað kemst að, hlutirnir virðast gerast án áreynslu og hæfileikarnir eru fullnýttir. Í starfsumhverfinu er lögð áhersla á að hafa sveigjanleika í skipulagi þar sem börnin hafa val um það sem þau gera hverju sinni án mikilla tímatakmarkana. Með því skapast tækifæri fyrir börnin til að efla áhugasvið sitt.

Félags- og tilfinningafærni barna er eflað með *Vináttuverkefninu Blæ* en hugmyndafræði þess endurspeglar í eftirtöldum gildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Blær bangsarnir eru sýnilegir og aðgengilegir börnunum. *Lubbi finnur málbein* er ein af leiðum leikskólans í vinnu með málþroska. Hvert máhljóð er tengt við bókstaf og hverju máhljóði fylgir ákveðið lag, stutt saga og hreyfítákn, einnig er unnið með „Orð af orði“ í leikskólanum þar sem lögð er áhersla á að efla málumhverfi og vinna með orð á fjölbreyttan hátt.

Deildarstjóri og sérkennslustjóri leiða uppeldis- og menntastarfið á deildinni, leiðbeina starfsfólki og skipuleggja dreifingu starfsfólks á vinnusvæði. Opið dagskipulag styður vel við hugmyndafræði flæðis en í samræmi við það fara börnin í frjálsu vali milli svæða. Starfsfólk skiptir sér á svæði en matsaðilar

sáu ekki að það sé fyrirfram ákveðið kerfi á því nema að sama starfsfólk fylgir yngstu börnunum. Í samverustundum skiptast börnin í þrjá hópa: Málörvun, *Vináttuverkefnið Blær* og *Lubbi finnur málbein* og eru stundirnar skipulagðar fyrirfram. Starfsfólk skiptir samverustundum á milli sín og hver og einn ber ábyrgð á tilteknu verkefni. Á veggjum eru myndspjöld með leiðbeiningum fyrir hina ýmsu þætti starfsins eins og samverustund, útinám, skólaheimsókn og flæði. Á þessum spjöldum er sagt hvað er gert í þessum stundum og hvert sé hlutverk barnanna. Í leikstofu er upplýsingatafla fyrir starfsfólk þar sem fram kemur skipulag í matartímum. Börnin borða á sameiginlegu svæði þar sem þau skammta sér sjálf af hlaðborði en starfsfólk er þeim til aðstoðar. Hluti barnanna byrjar að borða og á meðan eru hin börnin í annarri innri stofunni í leik. Þegar barn er búíð að borða gengur það frá eftir sig og býður næsta barni að koma. Yngstu börnin sitja saman við borð og fá matinn á borðið til sín. Starfsfólk situr til borðs með börnunum.

Mikið samstarf er við yngstu bekki grunnskólans og fer elsti árgangurinn í leikskólanum í kennslustundir í grunnskólanum tvisvar sinnum í viku. Einnig kemur fyrsti og annar bekkur grunnskólans í heimsókn í leikskólan að minnsta kosti aðra hvora viku í eina kennslustund. Jafnframt hefur leikskólinn aðgang að íþróttahúsi sveitarfélagsins einu sinni í viku og þá fara þau einu sinni í viku á bókasafn sveitarfélagsins þar sem kennari tekur á móti þeim og er með skipulagðar stundir fyrir eldri börnin. Börnunum er skipt í tvo hópa eftir aldri þegar þau fara í íþróttahúsið og bókasafnið. Vor og haust fara elstu börnin í sundkennslu hjá íþróttakennara skólans.

Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á virðingu og að hlustað sé á hugmyndir þeirra. Matsaðilar sáu að starfsfólk beygði sig niður til barnanna til að ná augnsambandi við þau, einnig sat það á gólfinu eða á lágum stólum. Í rýnihópum kom fram að til er blað með leiðbeiningum um hvernig bregðast eigi við krefjandi hegðun hjá barni. Einnig kom fram að mikil og góð samvinna er meðal starfsfólks og deildarfundir eru nýttir til að ræða uppeldisstarfið. Fram kom í viðtölum við starfsfólk að það hafi tækifæri til að tala opið um starfið á deildinni og allt sem því við kemur og er óhrætt að segja skoðanir sínar.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Til er jafnréttisáætlun Kerhólsskóla þar sem fjallað er um tilgang og markmið hennar. Jafnframt er upp-
talning aðgerða sem starfsfólki skólans ber að sinna svo að markmið áætlunar náist. Í leikskólanum er mikið og markvisst unnið með lýðræðislega þátttöku barnanna. Hugmyndafræði flæðis byggir á að barnið hafi val um viðfangsefni, leikfélaga, svæði og kennara. Börnin mega skipta um viðfangsefni að vild. Ekki er fastur tími til útivistar en börnin velja hvenær þau fara út en gætt er að því að hvert barn fari út daglega. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að lýðræði og flæði einkenni starfið í leikskólanum og börnin hafi mikið um það að segja hvar þau leika sér, með hvaða efnivið og með hverjum. Fram kemur einnig að börnin fái að koma með tillögur og síðan sé kosið um þær. Vettvangsferðir eru ýmist skipulagðar fyrirfram eða börnin spurð í upphafi ferða hvert þau vilji fara. Einu sinni í mánuði er uppbrotsdagur eins og útidótadagur, andlitsmálning og fleira. Börnin kjósa um hvað eigi að gera á þessum dögum. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar til dæmis að klæða sig í og úr í fataklefa og íþróttahúsi. Eins og áður hefur komið fram skammta þau sér sjálf í matartímum og ganga frá eftir sig, nema þau allra yngstu. Í rýniviðtali við skólastjóra kom fram að hann haldi fundi með börnunum þar sem þau geta til dæmis komið með óskir um einhver leikföng sem þau vilja, hvað eigi að vera í matinn og annað því um líkt. Þegar skólastjóri er búin að athuga málið er haldin annar fundur. Börnunum er kynnt hvað er hægt að gera og útskýrt hvers vegna ekki er hægt að gera eins og þau báðu um. Markmiðið með þessum fundum er að börnin átti sig á því að þeirra rödd skiptir máli þó svo að ekki sé alltaf hægt að fá það sem maður vill.

Í rýnihópi barna kom fram að börnin segjast mega ráða hvað þau séu að leika og megi hætta þegar þau vilja en þá þurfi þau fyrst að ganga frá eftir sig. Jafnframt sögðust þau stundum mega velja hvað er gert í hópastarfi og eins að velja bók í sögustund. Þau sögðu að það væru reglur í skólanum og að skólastjórinn hefði búíð þær til af því að hann ræður öllu. Þau sögðu jafnframt að það væri erfitt að ganga frá. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að það væru reglur og að börnin tækju þátt í að gera þær. Þar sem vetrarstarf er að hefjast er mál að taka upp umræðu um reglur með elstu börnunum.

Námssvið

Í skólanámskrá Kerhólsskóla er ítarlega fjallað um hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Gerð er grein fyrir markmiðum og leiðum með hverjum þætti fyrir sig. Einnig hefur verið gert skjal/námskrá með samantekt um það hvar unnið er með hvern þátt fyrir sig í daglegu starfi og birtist á heimasíðu skólans.

Unnið er með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Börnin eru hvött til frásagna og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í samverustund og í fataklefa. Vinna við sögugerð eða ljóð var ekki sýnileg. Í samverustundum fyrir hádegisverð er unnið með *Lubbi finnur málbein* og almenna málörvun. Ritmál er sýnilegt í umhverfinu. Aðgengi barna að bókum er ekki mikið og sáu matsaðilar aðeins örfáar bækur. Einu sinni í viku fara öll börn á bókasafnið og í rýnihópum kom fram að í þessum heimsóknum mega börn velja sér bækur til að taka með inn á deild. Vikulega eru tvö börn bókaormar vikunnar og koma þau með bók að heiman sem lesin er og rædd, meðal annars í samverustundum. Jafnframt kemur fram í skólanámskrá hvernig unnið er að því í hinum ýmsu aðstæðum að gera börnin læs á umhverfið sitt. Ekki hefur verið gerð læsisáætlun í leikskólanum.

Mikið er lagt upp úr heilbrigði og vellíðan. Kerhólsskóli er þátttakandi í Heilsuefandi samfélagi sem hefur það að markmiði að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan. Útivist er að lágmarki einu sinni á dag og vettvangsferðir eru á dagskipulagi einu sinni í viku. Leikskólinn hefur í samstarfi við grunnskólann aðgang að útisvæði þar sem meðal annars er búið að útbúa eldstæði og náttúran er notuð til margvíslegra hreyfinga. Öll börn fara einu sinni í viku í íþróttasal þar sem íþróttakennari hefur skipulagðar stundir fyrir eldri börnin en starfsfólk sér um stundirnar með yngri börnunum. Aðstaða er fyrir börnin að hvíla sig eftir aldri og þörfum en yngstu börnin sofa úti í vagni. Unnið er með *Vináttuverkefnið Blæ* og vellíðan barna er studd með sérstökum félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju. Leikskólinn fær mat úr sameiginlegu eldhúsi með grunnskólanum, starfsfólki sveitafélagsins og eldri borgurum. Stefnan er að bjóða upp á hollt mataræði í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um Heilsuefandi samfélag.

Í skólanámskrá segir að menntun til sjálfbærni snúist um að gera börnum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar og mæta þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Virðing er hluti af gildum leikskólans og hefur hún sterk tengsl við sjálfbærnimenntun í skólanum. Kerhólsskóli er grænfána skóli og er mikil áhersla lögð á útinám og að börnin kynnist nærumhverfinu og noti það til leikja. Reynt er að nýta það sem finnst í náttúrunni til uppgötvunar og rannsókna með þeim. Ræktunarkassar þar sem ræktað er ýmislegt grænmeti eru við leikskólann. Börnunum er kennt að flokka rusl eins og pappír, plast og hvort um lífrænt eða almennt sorp sé að ræða. Einnig er lögð áhersla á að minnka matarsóun með því að hvetja börnin til þess að fá sér ekki of mikið á diskinn í matartímum. Jafnframt að nota hæfilegt magn af sápu og pappír þegar þau þvo sér. Leik og kennsluefni sem tilheyrir vísindum eru einingakubbar og tölustafir á vegg. Stækkunargler og annað sem tengist útinámi og vísindum er til.

Mikil sköpun er í útinámi þar sem börnin nota ímyndunaraflið til leikja og í *flæði* gefst gott tækifæri til að skapa. Listsköpun fer að mestu fram inni á deild í flæðinu en eins og áður hefur komið fram er aðstaða sem ætluð er til listsköpunar ekki notuð nema í einstaka tilfellum eins og fyrir jólin. Á meðan matsaðilar voru á vettvangi var boðið upp á að klippa og líma á útisvæði. Vagn með efniviði til listsköpunar er hafður inni á deild en þar er mjög fábreyttur efniviður og aðeins málning var sýnileg. Myndverk eftir börnin voru sýnileg á veggjum. Á föstudögum er sameiginleg samverustund þar sem börnin syngja saman en hljóðfæri eru ekki sýnileg.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfssöm börn. Samskipti starfsfólks við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Eitt barnið sagði: „Það er svo skrítið ég vil aldrei fara í leikskólann og aldrei fara heim.“ Jafnframt sögðu þau: „að kennararnir huggi þau ef þeim líði illa.“

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir foreldra í mars 2022 kemur fram að foreldrar eru ánægðir með leikskólann en jafnframt kom fram að einhverjir foreldra telja að barnið sé ekki ánægt í leikskólanum. Að mati foreldra sem tóku þátt í rýnihópi líður börnunum vel í leikskólanum og þeim finnst viðmót starfsfólks einkennast af hlýju og að þeim þyki vænt um börnin. Jafnframt kom fram hjá foreldrum að börnin þyrftu meira krefjandi verkefni og að bjóða mætti elstu börnunum og þeim sem vilja upp á fleiri skapandi verkefni. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að þeir telja að þeir mæti börnunum af virðingu, jákvæðni, hvatningu og hrósi.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í *TRAS* lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er *Hljóm-2* próf lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. *Hljóm-2* er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barna og er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti. Deildarstjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á að *Tras* sé framkvæmt og þeir gera einnig *Hljóm-2*. *Efi-2* er notað þegar það á við en það er skimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn er notaður þegar það á við. Íþróttakennari tekur hreyfiþroskapróf á elstu börnunum að vori og á haustin kemur iðjuþálfi frá heilsugæslunni og skoðar fínhyfingafærni barnanna og grip, jafnframt gefur hann ráð varðandi þjálfun ef þurfa þykir. Til er gátlisti sem leikskólakennarar hafa tekið saman og er hann notaður fyrir foreldrasamtöl. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í að fylla hann út. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að ekki er unnið með uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölunum einu sinni á ári og í þeim samtölum hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með upplifun sína á stöðu barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Jafnframt kom fram að þeim þykir langt á milli samtala og telja æskilegt að hafa foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Gott samstarf er á milli leikskólans og heilsugæslunnar.

Styrkleikar

- Leikskólinn er vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að því er gott.
- Í skólanámskrá kemur skýrt fram hvernig unnið er með grunnþættir menntunar í öllu leikskólastarfi.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.
- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu.
- Markvisst er unnið með lýðræði barna.
- Starfsfólk er jákvætt og uppbyggilegt í samskiptum við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.
- Skólinn hefur aðgang að íþróttahúsi og bókasafni sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Huga má að umgengni og frágangi á leikföngum með aðgengi barnanna í huga.
- Nýta ætti rými til listsköpunar fyrir það sem því er ætlað og bæta með því aðgengi barna að efnivið til skapandi starfs.
- Ræða hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.
- Æskilegt er að boðið sé upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári.
- Gæta þarf að málumhverfi barna og því að hafa íslenskumælandi starfsfólk í samverustund með börnunum.
- Gera ætti uppeldislegar skráningar.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það sameiginlegt með grunnskólanum en sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknunum leik- og grunnskóla.⁶ Á heimasíðu Kerhólsskóla eru upplýsingar um hlutverk og skipan skólaráðs. Í starfsáætlun skólaráðs segir að fundir ráðsins séu tvisvar á ári vor og haust og er dagskrá fundanna ákveðin fyrirfram. Jafnframt kemur fram að skólaráð skuli halda að minnsta kosti einn opinn fund á ári. Skólaráð ákveður tilgang og tímasetningu þess fundar. Verkefni sem skólaráð sinnir meðal annars er yfirlestur á skóladagatali, skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs, situr í því og stýrir starfi þess. Fundargerðir eru skráðar rafrænt og eru aðgengilegar á heimasíðu. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er það sameiginlegt með grunnskólanum. Samkvæmt skólastjóra og rýnihópi foreldra er foreldrafélagið virkur samstarfsaðili leikskólans. Félagið tekur meðal annars þátt í framkvæmd vorhátíðar, öskudagsskemmtunar og heldur jólaball. Foreldrafélagið hefur gefið leikskólanum gjöf einu sinni á ári.

Foreldrahandbók er til og fá foreldrar hana við upphaf leikskólagöngu barnsins en þar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um leikskóladvölinna. Í leikskólanum er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnunum þrjá fyrstu dagana. Eins og áður hefur komið fram er foreldrasamtal einu sinni á ári þar sem farið er yfir líðan og þroska barnanna.

Á heimasíðu Kerhólsskóla eru hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Deildarstjóri sendir vikulega tölvupóst til foreldra með upplýsingum frá deildinni. Daglega er skráð í Karellen skráningarkerfið hvernig yngstu börnin borða og sofa. Upplýsingatafla er í fataklefa þar sem daglega eru skráðar upplýsingar og Mentor er notað meðal annars til að senda fjölpósta. Auk þess er daglegt spjall þegar börnin koma eða eru sótt notað til að koma upplýsingum til foreldra. Fram kom að foreldrar telja sig fá nægar upplýsingar frá leikskólanum. Einnig kom fram að þeir nýttu heimasíðu skólans aðallega til að skoða dagatalið og töldu síðuna ekki aðgengilega.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til skólans er mjög gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um skólann og starfsfólk. Þeir eiga góð samskipti við starfsfólk og segja að viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af hlýju, virðingu og það sýni að þeim þyki vænt um börnin. Börnin eru hvött til sjálfshjálp og þeim er hrósað. Foreldrar telja að komið sé til móts við þarfir og áhuga barnanna með *flæðinu*. Foreldrar sögðust geta fylgst með hvernig barninu gengur í leikskólanum í gegnum foreldrasamtöl þar sem ítarlega er farið yfir framfarir barnanna. Foreldrar telja að bæði skólastjórnendur og starfsfólk reyni að koma á móts við óskir þeirra. Í foreldrakönnun kemur fram að meirihluti foreldra er almennt ánægður með leikskólann. Þeir eru ánægðir með vinnubrögðin, húsnæði og aðstöðu, einnig telja þeir sig þekkja stefnu og námskrá leikskólans. Þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum og að þeir séu í góðum tengslum við starfsfólk og eru hvött til þátttöku í skólastarfi. Aftur á móti kemur fram að þeir telja að tímasetning á viðburðum séu ekki hentugar.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóladeild Kerhólsskóla. Sett er upp sameiginleg dagskrá að hausti fyrir íþróttahús og sundlaug. Leikskólabörnin fara eina kennslustund á viku í íþróttir og annan tíma sem skiptist á dansi og sundi með íþróttakennara. Tvisvar í viku fara leikskólabörnin inn í fyrsta bekk. Einnig er samvinna varðandi útinám þar sem leikskóla- og grunnskólabörn leysa ýmis verkefni saman. Helstu markmið samstarfsins eru að skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að markvissu samstarfi leik- og grunnskólans og auðvelda leikskólabörnunum skólabyrjun í grunnskólanum. Einnig að koma til móts við mismunandi þroska barna. Jafnframt kemur fram að reynsla undanfarinna ára er að fimm ára börnin koma betur undirbúin, óhrædd og full tilhlökkunar í fyrsta bekk eftir að hafa fengið aðlögun heilan vetur.

6 45. gr. laga um grunnskóla.

Annað samstarf

Leikskólinn er í sambandi við sveitabæ um heimsóknir. Einnig er samstarf við Sólheima um heimsóknir. Samstarf er við íþróttahús, sundlaug og bókasafn sveitarfélagsins.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og er það sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrar fá afhenta handbók um leikskólastarfið við upphaf leikskólagöngu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er koma til móts við foreldra með tímasetningu á viðburðum leikskólans.
- Gera heimasíðu Kerhólsskóla aðgengilegri.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann í 75% starfi og ber hann ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu. Jafnframt leysir hann deildarstjóra af í tímabundnum forföllum. Í starfsáætlun Kerhólsskóla 2022–2023 er starfslýsing fyrir sérkennslustjóra og þar kemur fram að sérkennslustjóri stjórnar og skipuleggur sérkennslu leikskóladeildar ásamt því að veita kennurum og leiðbeinendum faglega ráðgjöf. Kerhólsskóli er aðili að skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en hlutverk þess er að veita þverfaglega og samræmda velferðarþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna. Til eru verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Sérkennslustjóri starfar á leikskóladeildinni og er því vel kunnugur öllum börnum. Fram kom í rýnihópum að unnið er samkvæmt snemmtækri íhlutun og stöðugt er verið að ræða saman og meta. Þegar upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni er það rætt á deildarfundum og foreldrar upplýstir um stöðu barnsins og hvað er búið að vera að vinna með í leikskólanum. Ef þurfa þykir er með samþykki foreldris send tilvísun á skólaþjónustu Árnesþings og fer þá af stað ákveðið ferli. Hegðunarráðgjafi kemur fljótt inn í mál og leiðbeinir starfsfólki á meðan beðið er eftir frekari greiningu. Einstaklingsnámskrár eru ekki gerðar nema um sé að ræða veruleg þroskafrávik og þá eru einnig teymisfundir. Annars heldur sérkennslustjóri skrá um hvað er gert í hverri vinnustund fyrir sig og hvernig gengur. Gott upplýsingastreymi er til alls starfsfólks varðandi börn með þroskafrávik og fer sú umræða fram á deildarfundum. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með börn með sérþarfir inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. Námsumhverfið býður upp á aðstæður til þjálfunar og auðvelt er að nálgast kennslugögn. Hjá Skólaþjónustu Árnesþings starfar kennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, talmeinafræðingur, félagsráðgjafi og sálfræðingur. Gott aðgengi er að ráðgjöf og kemur hegðunarráðgjafi reglulega í leikskólann. Sálfræðingur kemur á tveggja vikna fresti í grunnskólann og er þá hægt að leita ráða hjá honum. Fram kom í viðtölum að ekki sé formlegt samstarf við heilsugæslu eða félagsþjónustu en ef upp koma mál er upplýsinga aflað á báða bóga.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Verkferill er til um móttöku barna af erlendum uppruna og námskrá leikskóladeildar er til á ensku. Að sögn leikskólustjóra sér sérkennslustjóri um málörvun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn notar túlka þegar það á við. Ekki er unnið sérstaklega með heimamenningu barnanna.

Fánar ýmissa landa, sem börnin höfðu sýnt áhuga á út frá heimskorti sem staðsett er á leikskóladeildinni og tölustafir upp í fimm á tungumáli viðkomandi lands eru sýnilegir. Upplýsingar á heimasíðu eru ekki á öðrum tungumálum en íslensku.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Sérkennsla fer fram inni á deild og sem mest í daglegu starfi.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðiþjónustu hjá skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Til eru verkferlar um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera skal einstaklingsnámskrár fyrir öll börn sem njóta sérkennslu og endurskoða reglulega með aðkomu foreldra.
- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu, sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávik hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu.
- Hafa skal hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um þær leiðir sem fara á við söfnun gagna fyrir innra mat í leikskólanum. Samkvæmt skólanámskrá skal gera starfsmanna- og foreldrakannanir, hafa starfsmanna- og foreldrasamtöl. Í skólanámskrá kemur fram að starfsfólk fari í umræðuhring sem svipar til SVÓT greiningar. Þar er verið að horfa inn á við og skoða styrkleika, veikleika tækifæri og ógnanir. Í tölvupósti frá skólastjóra kemur fram að þessi matsþáttur hafi fallið niður á tímum Covid og er ekki búið að virkja hann aftur. Þá kemur fram í skólanámskrá að leitað skuli eftir viðhorfum barna.

Til er áætlun fyrir innra mat nokkur ár fram í tímann eða til ársins 2026. Mat á starfsháttum fer fram á deildarfundum en mat og ígrundun kennara og starfsfólks á eigin starfsháttum er ekki liður í daglegu starfi þeirra. Eins og áður hefur komið fram eru ekki í skólanámskrá markmið eða skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Sameiginlegt matsteymi er með grunnskólanum.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati leikskólans og hann, ásamt aðstoðarskólastjóra, tekur ákvörðun um áherslur og forgagnsröðun innra mats. Starfsfólk og foreldrar koma ekki að ákvörðunum um áherslur í innra mati. Bæta mætti þessa áætlun með því að setja inn mat á markmiðum og uppeldisstarfi í leikskólanum. Samkvæmt matsáætlun til lengri tíma er á tveggja ára fresti gerð starfsmanna- og foreldrakönnunum. Árlega eru foreldrasamtöl og þrisvar sinnum á ári eru starfsmannasamtöl. Leitað hefur verið eftir viðhorfum barna til starfsins með broskarlasurningum. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að þessi matsþáttur var ekki nýttur á síðasta ári þar sem talið var að hann skilaði litlum árangri. Ekki eru gerðar uppeldislegar skráningar í leikskólanum. Mat á þroska og framförum barna er gert með viðurkenndum matslistum. Á deildarfundum fer fram svokallað samræðumat um starfið. Í matsáætlun kemur ekki fram hvernig meta skal aðferðir og leiðir í daglegu starfi leikskólans. Tekið er tillit til almennra athugasemda frá foreldrum við gerð umbótaáætlunar. Gerð er áætlun um innra mat til nokkurra ára. Ekki er ljóst með hvaða hætti unnið er með og úr gögnum.

Opinber birting og umbætur

Gerð er sérstök innra matsskýrsla á vorin þar sem teknar eru saman helstu niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana og líðankannana barna. Greindir eru veikleikar og styrkleikar og settar fram leiðir til úrbóta. Ekki liggja fyrir niðurstöður frá deildarfundum þar sem rætt er skipulag og árangur í starfi. Greinagerð þar sem fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta er ekki til staðar. Ytra mat á starfsháttum Kerhólsskóla (grunnskóla) var gert 2019 og í kjölfarið var unnin umbótaáætlun fyrir grunnskóladeildina. Þar koma fram umbætur á stjórnun og innra mati Kerhólsskóla en ekki er fjallað þar sérstaklega um helstu áherslur í námi og kennslu leikskóladeildar. Innra matsskýrslan er kynnt skólaráði að hausti og einnig er foreldrafundur sem auglýstur er í blaði sem fer inn á öll heimili í hreppnum og sendur er tölvupóstur til foreldrar til að minna á fundinn. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að innra matsskýrslan liggja inni á kaffistofu og einnig er farið yfir hana á fyrsta starfsdegi haustsins.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um skipulag og viðfangsefni innra mats.
- Innra starf leikskólans er metið út frá foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk, samræðumati starfsfólks og líðankönnun barna.
- Gerð er sérstök matsskýrsla um niðurstöður innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Umbótaáætlun á að taka mið af öllu skólastarfi á báðum skólastigum.
- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Áfram skal leita leiða til að meta líðan og viðhorf barna til starfsins.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að hlutverki skólaráðs til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskóladeildar Kerhólsskóla: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til umbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð sem starfsfólk þekkir sem og foreldrar.
- Leikskólinn starfar samkvæmt skólustefnu og áherslum sveitarfélagsins.
- Leikskólinn er *skóli á grænni grein* og hefur sett sér umhverfissáttmála.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg og öllum kunn.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátt við og þekkja stefnu leikskólans.
- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla.
- Skólastjóri fundar reglulega með fræðslunefnd og er í góðu samstarfi við sveitarstjóra sveitarfélagsins.
- Starfsþróunarsamtöl eru þrjú á ári, starfsfólk fær spurningar til undirbúnings og heldur utan um skráningar á þeim.
- Símenntunaráætlun er til.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu skólans.
- Fyrir liggur námskrá, þar sem eingöngu er gerð grein fyrir hvernig dagleg verkefni tengjast grunnþáttum menntunar, fyrir leikskóladeildina bæði á íslensku og ensku sem er aðgengileg á heimasíðu.
- Undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Deildarfundir eru vikulega, skólastjóri situr þá og er tengiliður milli leikskóla- og grunnskóladeildar.
- Skólastjóri er sýnilegur og gott aðgengi er að honum.
- Starfsfólk er ánægt með skólabraginn sem einkennist af virðingu og trausti.
- Starfsmannafélag er starfandi.
- Starfsmannavelta er lítil.
- Leikskólinn er vel búinn leik- og námsgögnum og aðgengi barnanna að því er gott.
- Í skólanámskrá kemur skýrt fram hvernig unnið er með grunnþættir menntunar í öllu leikskólastarfi.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.
- Áhersla er lögð á hollan mat og hreyfingu.

- Markvisst er unnið með lýðræði barna.
- Starfsfólk er jákvætt og uppbyggilegt í samskiptum við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á framförum barna.
- Skólinn hefur aðgang að íþróttahúsi og bókasafni sveitarfélagsins.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og er það sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrar fá afhenta handbók um leikskólastarfið við upphaf leikskólagöngu.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Sérkennsla fer fram inni á deild og sem mest í daglegu starfi.
- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðipjónustu hjá skóla- og velferðapjónustu Árnesþings.
- Til eru verkferlar um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Í skólanámskrá er fjallað um skipulag og viðfangsefni innra mats.
- Innra starf leikskólans er metið út frá foreldra- og starfsmannakönnunum, viðtölum við foreldra og starfsfólk, samræðumati starfsfólks og líðankönnun barna.
- Gerð er sérstök matsskýrsla um niðurstöður innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf aðstöðu fyrir börn sem sofa úti í vögnum.
- Bæta ætti geymslu fyrir útileikföng og hafa upphitaða.
- Hafa fjölbreyttari og meira krefjandi leiktæki á útileiksvæði leikskóladeildar.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Í skólanámskrá skal koma fram hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna, birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfssins og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Einblöðungur þar sem fram kemur hvernig dagleg verkefni tengjast grunnþáttum menntunar ætti að vera hluti af skólanámskrá Kerhólsskóla og í starfsmannahandbók.
- Vinna að því að sameina starfsfólk leik- og grunnskóla og efla liðsheild.
- Huga má að umgengni og frágangi á leikföngum með aðgengi barnanna í huga.
- Nýta ætti rými til listsköpunar fyrir það sem því er ætlað og bæta með því aðgengi barna að efnivið til skapandi starfs.
- Ræða hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.
- Æskilegt er að boðið sé upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári.
- Gæta þarf að málumhverfi barna og því að hafa íslenskumælandi starfsfólk í samverustund með börnunum.

- Gera ætti uppeldislegar skráningar.
- Æskilegt er koma til móts við foreldra með tímasetningu á viðburðum leikskólans.
- Gera heimasíðu Kerhólsskóla aðgengilegri.
- Gera skal einstaklingsnámskrár fyrir öll börn sem njóta sérkennslu og endurskoða reglulega með aðkomu foreldra.
- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu, sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um frávík hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu.
- Hafa skal hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.
- Umbótaáætlun á að taka mið af öllu skólastarfi á báðum skólastigum.
- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Áfram skal leita leiða til að meta líðan og viðhorf barna til starfsins.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að hlutverki skólaráðs til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskóladeild Kerhólsskóla leiðir í ljós að þar fer fram faglegt og metnaðarfullt starf. Hátt hlutfall starfsfólks er kennaramenntað og telja foreldrar að samrekstur og samvinna leik- og grunnskóladeildar sé styrkleiki. Skólinn er vel búinn námsgögnum og umhverfi skólans er nýtt til náms og leikja. Á vettvangi og í viðtölum mátti greina virðingu, umhyggju og uppbyggileg samskipti gagnvart börnum. Mikil ánægja er með stjórnun skólans af hendi foreldra, kennara og annars starfsfólks. Áhersla er lögð á lýðræðislega þátttöku barna í skóla-starfinu. Tækifæri til umbóta felast meðal annars í því að bæta skipulag og viðfangsefni innra mats, meta stefnu leikskólans og markmið reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef september 2022

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Gögn frá leikskólastjóra

Heimasíða Kerhólsskóla

<https://www.kerholsskoli.is/>

Heimasíða Skóla- og velferðarsviðs Árnesþings

<https://www.arnesthing.is/skolathjonusta/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skóladagatal 2022–2023

<https://www.kerholsskoli.is/skoladagatal>

Skólanámskrá Kerhólsskóla 2020-2025

Skólastefna sveitarfélagsins

<https://www.gogg.is/static/files/Stefnurogaaetlanir/skolastefna-grimsnes-og-grafnings-hrepps-2021-2026.pdf>

Starfsáætlun Kerhólsskóla 2022–2023 https://www.kerholsskoli.is/_files/ugd/dabe48_ab104c5856eb42abadd0a781f9637827.pdf

Viðtöl:

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við starfsfólk.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við sveitarstjóra.

